


Upplýsingar um framteljanda - Hver annast framtalsgerð

Reitir 0010 til 0040 á framtalinu eru fyrirfram útfylltir í vefframtalinu með upplýsingum sem liggja fyrir hjá skatt-yfirvöldum. Sé notað pappírseyðublað sem ekki er fyrirfram áprentað, verður að færa inn viðeigandi upplýsingar. Nánari leiðbeiningar varðandi útfyllingu þessara reita, þegar um er að ræða skattaðila sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu, er að finna í kaflanum *Samrekstraraðilar* á bls. 12. Í þessum kafla er jafnframt merkt í viðeigandi reit eftir því hver annast framtalsgerð og hver tegund áritunar er á ársreikning.

		Bls. 1 af 6		Skattframtal rekstraraðila 2014 Allar fjárhæðir skal færa í heilum krónum	
Framtalið berist 0010		Kennitala 0020		Sveitarfélag 0030 Sveitarfélagsnúmer	
Nafn - pósthfang 0040		Framtalið unnið af		0115 <input type="checkbox"/> Bókara/skoðunarmanni 0130 <input type="checkbox"/> Eiganda/starfsmanni	
		0110 <input type="checkbox"/> Löggiltum endurskoðanda		0120 <input type="checkbox"/> Öðrum aðkeyptum verktaka 0135 <input type="checkbox"/> Ársreikn. áritaður af skoðunarmanni	
		Áritun löggilts endurskoðanda á ársreikning		0180 <input type="checkbox"/> Án endurskoðunar 0190 <input type="checkbox"/> Ársreikningur ekki gerður af löggiltum endurskoðanda	
		0140 <input type="checkbox"/> Án fyrirvara 0160 <input type="checkbox"/> Án álits			
		0150 <input type="checkbox"/> Með fyrirvara 0170 <input type="checkbox"/> Neikvæð áritun			

Upplýsingar um framteljanda

0010 Framtalið berist

Framtalinu skal skila rafrænt á vefnum skattur.is eða í undan-tekningartilvikum á pappír á starfsstöð ríkisskattstjóra.

0020 Kennitala

Kennitala framteljanda þarf að koma fram á öllum blaðsíðum framtalsins og auk þess á framhaldsblöðum.

0030 Sveitarfélag

Hér skal færa nafn og númer þess sveitarfélags, þar sem framteljandi átti lögheimili hinn 31. desember 2013.

0040 Nafn - pósthfang

Hér skal færa nafn framteljanda, hvort heldur um er að ræða einstakling með atvinnurekstur eða lögaðila. Hér skal einnig færa lögheimili framteljanda þann 31. desember síðastliðinn og í næstu línu færast póstnúmer og pósthfang.

Hver annast framtalsgerð

0110 - 0130 Framtalið unnið af

Merkt er í reitina eftir því hver hefur annast framtalsgerð.

- Ef framtalið hefur verið unnið af löggiltum endurskoðanda er merkt í reit 0110.
- Ef framtalið hefur verið unnið af utanaðkomandi bókara eða skoðunarmanni er merkt í reit 0115.
- Ef framtalið hefur verið unnið af aðkeyptum verktaka, öðrum en löggiltum endurskoðanda, utanaðkomandi bókara eða skoðunarmanni, er merkt í reit 0120.
- Ef framtalið hefur verið unnið af eiganda, starfsmanni eða öðrum, er merkt í reit 0130.

Ársreikningur áritaður af skoðunarmanni

0135 Ársreikningur áritaður af skoðunarmanni

Sé ársreikningur áritaður af skoðunarmanni, en ekki af löggiltum endurskoðanda, er merkt í þennan reit. Ef áritun á ársreikning er hins vegar gerð af löggiltum endurskoðanda er merkt í einn af reitum 0140 til 0180.

Áritun löggilts endurskoðanda á ársreikning

0140 - 0190 Áritun löggilts endurskoðanda á ársreikning

Hér er merkt í viðeigandi reit, eftir því hver áritun löggilts endurskoðanda er á ársreikninginn, sem framtalskil byggjast á.

- Ef áritun er án fyrirvara er merkt í reit 0140.
- Ef áritun er með fyrirvara er merkt í reit 0150.
- Ef áritun er án álits er merkt í reit 0160.
- Ef áritun er neikvæð er merkt í reit 0170.
- Ef endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd er merkt í reit 0180.
- Ef ársreikningur er ekki gerður af löggiltum endurskoðanda er merkt í reit 0190.

Fjársýsluskattskylda

Haka skal við í reit 0290 ef framteljandi er skattskyldur til fjársýsluskatts skv. lögum nr. 165/2011.

Atvinnugreinarnúmer, virðisaukaskattsnúmer og tegund rekstrar

Í þennan kafla eru færðar upplýsingar um atvinnugrein, virðisaukaskattsnúmer og tegund/form rekstrar. Reitir 0200 og 0220 eru fyrirfram útfylltir í vefframtalínu. Sé notað pappírseyðublað, sem ekki er fyrirfram áprentað, skal færa viðeigandi upplýsingar í reitina.

Aðal atvinnugrein, heiti	Númer atvinnugreinar 0200	Leiðrétt atvinnugrein, númer 0210	Aðal vsk.númer 0220
Tegund rekstrar	0230 <input type="checkbox"/> Einstaklingur með rekstur	0240 <input type="checkbox"/> Skattskyldur lögaðili	0250 <input type="checkbox"/> Samrekstur, ekki sjálfstæður skattaðili
			0260 <input type="checkbox"/> Óskattskyldur aðili/Takmörkuð skattskylda

Atvinnugreinarnúmer og virðisaukaskattsnúmer

0200 Aðal atvinnugrein, heiti og númer

Hér kemur fram nafn aðalatvinnugreinar og atvinnugreinar-númer, samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands.

Ef notað er pappírseyðublað verður að færa inn heiti atvinnugreinar og atvinnugreinarnúmer, skv. atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, ÍSAT 2008.

0210 Leiðrétt atvinnugrein, númer

Ef fyrirfram útfyllt atvinnugreinarnúmer í reit 0200 er ekki rétt, skal hér skrá inn rétt atvinnugreinarnúmer skv. ÍSAT 2008.

0220 Aðal virðisaukaskattsnúmer

Hér er fyrirfram útfyllt virðisaukaskattsnúmer framteljanda. Ef hann er með fleiri en eitt númer, kemur hér fram það númer sem stærstur hluti veltunnar fellur undir.

Tegund rekstrar

Hér skal merkja við tegund þess rekstrar sem gerð er grein fyrir á framtalínu. Aðeins skal merkja í einn reit.

0230 Einstaklingur með rekstur

Ef framteljandi er einstaklingur sem stundar atvinnustarfsemi á eigin ábyrgð og í eigin nafni, en ekki í nafni félags, þ.e. skattskylda hans byggir á 1. gr. skattalaga, skal merkt í reit 0230.

0240 Skattskyldur lögaðili

Ef framteljandi er félag, sjóður eða stofnun sem skattskyld er skv. 2. gr. skattalaga, skal merkt í reit 0240.

0250 Samrekstur, ekki sjálfstæður skattaðili

Ef um er að ræða rekstur tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila, þar sem ekki eru uppfyllt skilyrði fyrir sjálfstæðri skattaðild, sbr. 3. mgr. 2. gr. skattalaga, skal merkt í reit 0250. Eignum og tekjum er skipt upp á milli samrekstraraðila og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum þeirra. Sjá nánar í kaflanum *Samrekstraraðilar* á bls. 12.

0260 Óskattskyldur aðili/Takmörkuð skattskylda

Sé framteljandi undanþeginn skattskyldu skv. 4. gr. skattalaga eða beri hann takmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. sömu laga, skal merkt í reit 0260. **Slíkir aðilar geta ekki skilað RSK 1.04 á tölvutæku formi. Þeir skila þess í stað sérstöku skattframtali fyrir óskattskylda lögaðila, RSK 1.06.**

Samrekstraraðilar

Sé **RSK 1.04** fyllt út fyrir sameignarfélag sem ekki er sjálfstæður skattaðili eða fyrir samrekstur, skal hér færa upplýsingar um hvern eiganda fyrir sig, þ.e. kennitölu hans, reiknað endurgjald og hlutdeild í tekjum/tapi og eignum/skuldum. Séu eigendur fleiri en rúmast á **RSK 1.04** skal nota framhaldsblað **RSK 4.14** og merkja í reit 0060.

Í reit 0020 skal færa kennitölu samrekstrarins, ef slík kennitala er fyrir hendi. Ef samreksturinn hefur ekki eigin kennitölu, skal notuð kennitala þess eiganda sem skráður er fyrir virðisaukaskattsnúmeri rekstrarins. Ef ekki er skráð virðisaukaskattsnúmer vegna samrekstrarins, skal notuð kennitala þess eiganda sem er á launagreiðendaskrá vegna þessa rekstrar. Eigi ekkert af framangreindu við, þurfa eigendur að koma sér saman um hver þeirra skuli verða fyrirsvarsaður rekstrarins og skila **RSK 1.04** á kennitölu hans.

Sjá einnig kaflann um *Skil aðila sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu á RSK 1.04* á bls. 4.

Athugið! Aðeins skal færa í þessa töflu ef um rekstur í eigu tveggja eða fleiri aðila er að ræða.

Samrekstraraðilar, skipting tekna og eigna		0060 <input type="checkbox"/> Framhaldsblað RSK 4.14	
Kennitala	Reiknað endurgjald	Hluti af hreinum tekjum/tapi * $\frac{+}{-}$	Hluti af hreinni eign/skuld * $\frac{+}{-}$
0700	0710	0720	0730
0700	0710	0720	0730
0700	0710	0720	0730
0700	0710	0720	0730

0700 Kennitala

Hér færast kennitölur þeirra samrekstraraðila sem standa að rekstrinum.

0710 Reiknað endurgjald

Hér færast reiknað endurgjald hvers samrekstraraðila, að meðtöldu reiknuðu endurgjaldi maka og barna undir 16 ára aldri. Samtala reiknaðs endurgjalds í þessum reitum á að vera jöfn reiknuðu endurgjaldi í reit 3080.

Reiknað endurgjald hvers samrekstraraðila færast í reit 24 á viðkomandi persónuframtali.

0720 Hluti af hreinum tekjum/tapi

Hreinar tekjur í reit 0900 eða *Yfirfæranlegt tap til næsta árs* í reit 0910 margfaldast með eignarhlutfalli hvers aðila fyrir sig og færast hér. Tekjur færast sem (+) plústala en tap færast sem (-) mínustala. Samtala úr reitum 0720 á að vera jöfn fjárhæð í reit 0900 eða 0910.

Einstaklingur sem ekki hefur annan rekstur með höndum færir sinn hluta af hreinum tekjum í reit 62 á persónuframtali. Yfirfæranlegt tap færast ekki á persónuframtal.

Hlutafélag, sameignarfélag sem er sjálfstæður skattaðili, eða einstaklingur, sem jafnframt er með annan rekstur, telur fram hlutdeild sína í hreinum tekjum eða tapi af samrekstri (einum eða fleiri) í reitum 3680 og 4100 á rekstrarframtali sínu.

0730 Hluti af hreinni eign/skuld

Hrein eign í reit 0920 eða *Skuldir umfram eignir* í reit 0930 margfaldast með eignarhlutfalli hvers aðila fyrir sig og færast hér. Eign færast sem (+) plústala en skuld færast sem (-) mínustala. Samtala úr reitum 0730 á að vera jöfn fjárhæð í reit 0920 eða 0930.

Einstaklingur sem ekki hefur annan rekstur með höndum færir sinn hluta af hreinni eign í reit 01 og sinn hluta af skuldum umfram eignir í reit 165 á persónuframtali.

Hlutafélag, sameignarfélag sem er sjálfstæður skattaðili, eða einstaklingur, sem jafnframt er með annan rekstur, færir sinn hluta af hreinni eign eða skuld í samrekstri (einum eða fleiri) í reiti 5050 og 7080 á rekstrarframtali sínu.

Fjárhæðir fá gildi í samræmi við formerki (+ eða -) sem prentað er framan við reit. Reitir sem geta tekið mismunandi formerki eru merktir með stjörnu. Þegar fjárhæð í reit, sem merktur er með stjörnu, á að vera neikvæð þarf framteljandi að gefa fjárhæðinni mínus formerki (t.d. -12.345).

Álagningargrunnur gjalda o.fl.

Hér færist álagningargrunnur gjalda, þ.e. tekjuskatts, tryggingagjalds og fleira. Einnig færist hér útreiknað jöfnunarverðmæti hlutabréfa. Ekki er nægjanlegt að fylla eingöngu út þennan kafla framtalsins. Ljúka þarf útfyllingu alls framtalsins, eftir því sem við á.

Hreinar tekjur	0900	Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu	0980
Yfirfæranlegt tap til næsta árs	0910	Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu	0981
Hrein eign	0920	Stofn til fjársýsluskatts í staðgreiðslu	0984

0900 Hreinar tekjur

Reynist niðurstöðutala rekstrarins í reit 4990 jákvæð (þ.e. ef tekjur eru hærri en gjöld), þá skal sú tala færð í þennan reit og myndar hún þannig álagningargrunn tekjuskatts.

0910 Yfirfæranlegt tap til næsta árs

Ef niðurstöðutala rekstrarins í reit 4990 reynist neikvæð (þ.e. ef gjöld eru hærri en tekjur), þá skal sú tala, án mínusformerkisins, færð í þennan reit.

0920 Hrein eign

Reynist niðurstöðutala efnahags í reit 7990 jákvæð (þ.e. ef eignir eru meiri en skuldir), þá skal sú tala færð í þennan reit.

0930 Skuldir umfram eignir

Ef niðurstöðutala efnahags í reit 7990 reynist neikvæð (þ.e. ef skuldir eru meiri en eignir), þá skal sú tala, án mínusformerkisins, færð í þennan reit.

0960 Jöfnunarverðmæti hlutabréfa

Hér færist útreiknað jöfnunarverðmæti hlutabréfa, sbr. 3. mgr. 18. gr. skattalaga.

0970 Arðstekjur sameignarfélags

Hér skulu þeir lögaðilar er greinir í 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. skattalaga (sameignarfélag o.fl.) færa fenginn arð skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. sömu laga. Þessi arður skattleggst í 20% skattþrepi. Sömu fjárhæð skal færa í reit 4391, en þar kemur hún til lækkunar á tekjum sem fara í almennt skattþrep skv. reit 4990.

0980 Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu

Hér færist stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu, þ.e. fjárhæðir í reitum 9625 og 9715 á bls. 6.

0981 Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu

Hér færist stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu, þ.e. fjárhæðin í reit 9650 á bls. 6.

0984 og 0986 Stofnar til fjársýsluskatts.

Hér færast stofnar til fjársýsluskatts, þ.e. fjárhæðir í reitum 0986 og 9735 á bls. 6.

0985 Stofn til jöfnunargjalds alþjónustu

Hér færist stofn til jöfnunargjalds alþjónustu, sem lagt er á **fjarskiptafyrirtæki** skv. 22. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Jöfnunargjald er lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi.

0987 Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki

Skv. lögum nr. 155/2010 er lagður sérstakur 0,376% skattur á fjármálafyrirtæki sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, og aðra aðila sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánnum. Stofn til þessa sérstaka skatts er heildarskuldir skattskylds aðila í lok tekjuárs skv. 75. gr. laga nr. 90/2003, umfram 50 milljarða kr. Heildarskuldir eru skuldir eins og þær eru tilgreindar á skattframtali fjármálafyrirtækja (í reit 6990) með nauðsynlegum leiðréttingum á skattframtali til samræmis við ákvæði skattalaga. Um er að ræða leiðréttingar vegna ófrádráttarbærs arðs í reit 7110, eftirlaunaskuldbindinga í reit 7120, tekjuskattsskuldbindinga í reit 7130 og ófrádráttarbærra gjalda/tekjuskatts í reit 7140 eða reit 7190.

0988 Rannsóknar- og þróunarkostnaður hjá nýsköpunarfyrirtæki

Skv. lögum nr. 152/2009 er nýsköpunarfélagum, sem hlotið hafa sérstaka staðfestingu hjá Rannís, heimilt að draga frá tekjuskatti ákveðna fjárhæð vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Ef frádrátturinn er hærri en greiddur tekjuskattur, er mismunurinn greiddur út. Gera skal grein fyrir útreikningi þessa frádráttar á eyðublaði RSK 4.21 með framtalinu.

0989 Stofn til sérstaks fjársýsluskatts

Sérstakur fjársýsluskattur er 6% viðbótar tekjuskattur á tekjuskattsstofn umfram 1.000.000.000 kr. hjá aðilum sem greiða fjársýsluskatt.

Við álagningu sérstaks fjársýsluskatts er **ekki** tekið tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps. Hér skal því færa fjárhæð tekjuskattsstofns umfram 1.000.000.000 kr., þar sem ekki er tekið tillit til yfirfæranlegs taps eða samsköttunar.

Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum

Í þessum kafla koma fram upplýsingar um þá staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, sem dregin hefur verið af fjármagnstekjum framteljanda á árinu.

9000 Af arði

Í þennan reit kemur sú fjárhæð sem framteljandi hefur greitt í staðgreiðslu af arðstekjum sínum á árinu.

9010 Af vöxtum

Í þennan reit kemur sú fjárhæð sem framteljandi hefur greitt í staðgreiðslu af vaxtatekjum sínum á árinu.